

Ed.

694. Frumvarp til laga

[422. mál]

um launakjör bankastjóra og ráðherra.

Flm.: Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds, Helgi Seljan.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og laga um ríkisbankana skulu launakjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ákveðin af Kjaradómi, sbr. l. nr. 46/1973, með síðari breytingum. Sama gildir um forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins.

2. gr.

Hvers konar hlunnindi bankastjóra og ráðherra, sem fela í sér að greiddur sé tollur af innflutningi einkabifreiða, eru bönnuð svo og hvers konar launauppbætur í staðinn fyrir þessi hlunnindi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Þetta frumvarp er flutt í framhaldi af umræðu um bílafríðindi bankastjóra undanfarna daga. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Kjaradómur ákveði framvegis öll kjör bankastjóra í stað bankaráðanna eins og nú er.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins gerði miðvikudaginn 10. apríl eftirfarandi samþykkt um þessi mál:

„Þingflokkur Alþýðubandalagsins lýsir fullri andstöðu við bílafríðindi bankastjóra og ráðherra. Þingflokkurinn minnir á að Alþýðubandalagið hefur beitt sér fyrir því að þessi bílafríðindi verði felld niður til handa ráðherrum og ráðherrar flokksins í síðustu ríkisstjórn-um notfærðu sér ekki þessi hlunnindi og slíkar greiðslur til þeirra því ekki tilefni til neinna fríðinda bankastjóra. Þingflokkur Alþýðubandalagsins leggur áherslu á eftirfarandi aðgerðir vegna bílafríðinda bankastjóra:

1. Kaup og öll launakjör bankastjóra verði ákveðin af Kjaradómi og afgreiðsla þeirra mála tekin frá bankaráðum.
2. Bílagreiðslur til bankastjóra verði með öllu stöðvaðar frá 1. janúar 1985 enda verður ekki séð að störfum bankastjóra fylgi nokkur sérstök þörf á bifreiðaakstri.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins mun á morgun leggja fram frumvarp á Alþingi með þessum efnisatriðum.“

Nánari grein verður gerð fyrir máli þessu í framsöguræðu.